**Ed.** **876. Breytingartillögur** [83. mál]

við frv. til lögræðislaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 9. gr. 4. mgr. falli brott.
2. Við 17. gr. Greinin hljóði svo:

   Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst á sjúkrahúsi gegn vilja sínum.
3. Við 18. gr.
   a. Aftan við 1. mgr. bætist: og skal trúnaðarlæknir ráðuneytisins sjá um að sjúklingnum sé gerð grein fyrir þeim rétti.
   b. 2. mgr. falli brott.